

27. júlí 2005

1649

Nr. 742

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

27. júlí 2005

Nr. 743

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, verslunar- og þjónustusvæði við Snæfellsveg, Borgarnesi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998.

Breytingin felst í því að verslunar- og þjónustusvæði suðaustan við Snæfellsveg stækkar til austurs og suðurs á kostnað athafnasvæðis og íbúðarsvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

27. júlí 2005

Nr. 744

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 1985-2005, milli Hólsár og skólasvæðis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 1985-2005, frá 2. desember 1985.